

Matej Šarc nam óbóleik hjá Božo Rogelja í Ljubljana, Slóveníu og hjá Heinz Holliger við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og tók þátt í námskeiðum hjá Maurice Bourgue á Ítalíu. Matej hefur verið félagi í Sinfóníuhljómsveit Freiburgar og í haust tekur hann við stöðu fyrsta óbóleikara í Slóvensku Fílharmóníuhljómsveitinni í Ljubljana í Slóveníu. Konsertar Albinonis og Telemanns fyrir óbó d'amore hafa verið gefnir út á geisladisk með leik hans. Matej hefur komið fram sem einleikari og leikið kammertónlist víðs vegar um Evrópu, Asíu og Ameríku og leikið með með tónlistarmönnum eins og Christopher Hogwood, Ludvig Güttler, Radovan Vlatkovic og Peter Schreier.

Svava Bernharðsdóttir tók við starfi staðgengils í lágfiðluleild Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 1993. Hún nam fiðlu- og víóluleik á Íslandi, í Eþíópíu, Hollandi og í Bandaríkjunum uns hún lauk doktorsprófi í víóluleik (D.M.A.) frá Julliard tónlistarskólanum í New York 1989. Fjallaði ritgerð hennar um sögu og þróun fiðlu- og lágfiðluleiks á Íslandi. Árið 1986 vann hún 1. verðlaun í víóluleikþáttum sama skóla og lék þá einleik með hljómsveit skólans í verki Hindermiths Der Schwanendreher. Síðustu árin hefur Svava einnig numið á barrokfiðlu, víólu d'amore, gömbu og miðaldarfiðlu í Basel. Hún hefur starfað með sinfóníuhljómsveitum í Basel, hljómsveit í Staatstheater Aachen og Schweizerisches Festspiel Orchester í Luzern.

Davíð Knowles Játvarðsson, fæddur í Englandi, nam píanóleik og útskrifaðist með undirleik sem sérgrein frá Royal Northern College of Music, í Manchester í Englandi. Hann fluttist til Íslands 1982 og hefur síðan kennt og unnið sem undirleikari í ýmsum skólum, meðal annars í Tónlistarskóla Garðabæjar og Söngskólanum í Reykjavík. Davíð hefur mjög oft komið fram með þekktum tónlistarmönnum hérlendis og erlendis á tónleikum og einnig í sjónvarpi og útvarpi.

Nora Kornblueh er fædd í New York ríki og hóf þar sellónám hjá James Doty. Að loknu B.M.A. námi frá háskólanum í Boston stundaði hún nám hjá George Neikrug. Nora hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra tónlistarhátíða, þar á meðal Tanglewood hátíðinni og „Festival of Two Worlds“ í Spoleto á Ítalíu. Síðan Nora fluttist til Íslands 1980, hefur hún tekið virkan þátt í flutningi kammertónlistar. Hún leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands og er félagi í Kaldalóns tríóinu.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þriðjudaginn 5. júlí 1994 kl. 20:30

Matej Šarc
óbó

Svava Bernharðsdóttir
víóla

Nora Kornblueh
selló

Davíð Knowles Játvarðsson
semball

Efnisskrá

- | | |
|---|--|
| Georg Philipp Telemann
(1681 - 1767) | Tríósónata í c-moll
<i>Adagio</i>
<i>Vivace</i>
<i>Affettuoso</i>
<i>Allegro</i> |
| Giovanni Paolo Simonetti | Concerto a 3 op.10 no.1
<i>Allegro non troppo</i>
<i>Grave</i>
<i>Adagio</i>
<i>Canon</i>
<i>Fuga</i> |
| Johann Gottlieb Graun
(1702 - 1771) | Trío í B-dúr
<i>Affettuoso</i>
<i>Allegretto</i>
<i>Allegro</i> |
| Johann Sebastian Bach
(1685 - 1750) | Tríósónata í c-moll BWV 526
<i>Vivace</i>
<i>Largo</i>
<i>Allegro</i> |